

Bústaðasókn

Safnaðarblað á aðventu 2009


Bústaðakirkju • Tunguvegi • Sími 553 8500 • www.kirkja.is



Meðal efnis í blaðinu:



„Kirkjan í gleði og sorg“
Viðtal við Magnús Eiríksson



Dagamma í
Bústaðahverfi í 40 ár
Signý Gunnarsdóttir

„Kirkjan og knattspyrnufélagið“
Valgeir Guðjónsson segir frá



„Prjónakvöld í Bústaðakirkju
er komið til að vera“

Af hverju er ljós í kirkjunni?
Helgihald og viðburðir á aðventu



Safnaðarblað Bústaðasóknar

Nóvember 2009
Bústaðakirkja
v/Tunguveg / Bústaðaveg. 108 Reykjavík
Sími: 553 8500 Fax: 5538501
Heimasíða: www.kirkja.is
Opin: mánudaga til föstudaga kl. 9:00–18:00

Safnaðarblað:

Útgefandi: Bústaðasókn

Ábyrgð: Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir

Ritnefnd: Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir

Sigríður Ósk Pálmadóttir

Magnús Viðar Skúlason

Margrét E. Laxness

Ólafur Stephensen

Óskar Ármannsson

Vigdís Stefánsdóttir

Umbrot: Margrét E. Laxness

Sóknarprestur: Sr. Pálmi Matthíasson

Viðtalstími: mánudaga–föstudaga

Kl. 10:00–11.30 og eftir samkomulagi

Sími 5538500

Netfang: palmi@kirkja.is

Organisti: Renáta Ivan

Netfang: renata@kirkja.is

Sími: 6974603

Kirkjuverðir: Ragnar Guðmundsson

Netfang: ragnar@kirkja.is

Sigurbjörn Jakobsson

Netfang: sigurbjorn@kirkja.is

Húsmóðir: Sigurbjörg Þráinsdóttir

Kórstjóri barna- og stúlnakóra:

Jóhanna V. Þórhallsdóttir

Netfang: johanna@kirkja.is

Formaður kirkjukórs:

Jóhann Friðgeir Valdimarsson

Netfang: jfv@simnet.is

Starf aldraðra:

Bára Elíasdóttir

Netfang: bara@kirkja.is

Kvenfélag Bústaðasóknar:

Laufey Kristjánsdóttir, formaður

Netfang: laufey@anok.is

Foreldramorgnar:

Kristín Vilborg Þórðardóttir

Netfang: kristin.vilborg@gmail.com

Umsjón með barnamessum:

Bára Elíasdóttir

Netfang: bara@kirkja.is

Leiðtogi í barna og unglíngastarfi:

Guðný Lára Guðmundsdóttir

Sóknarnefnd:

Formaður: Guðrún Sigríður Jakobsdóttir

Varaformaður: Þráinn Þorvaldsson

Gjaldkeri: Esther Guðmundsdóttir

Ritari: Sigríður Ósk Pálmadóttir

Árni Sigurjónsson

Guðrður Stefánsdóttir

Guðrún Kristín Svavarsdóttir

Gunnar Sigurðsson

Hafsteinn Guðmundsson

Helga Melkorka Óttarsdóttir

Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir

Magnús Viðar Skúlason

Óskar Ármannsson

Rakel Sveinsdóttir

Sigurjóna Sigurðardóttir

Stefanía Davíðsdóttir

Tómas Eiríksson


Þorsteinn Ingi Víglundsson

Fulltrúar í ellimálaráði:

Elín Hrefna Hannesdóttir

Laufey Kristjánsdóttir

Kirkjan í lífi og dauða



Tvær plötur á topp-tíu listanum, geri aðrir tónlistarmenn á sjötugsaldri betur. Magnús Eiríksson er nágranni Bústaðakirkju og hefur átt samleið með kirkjunni í gleði og sorg.

Magnús Eiríksson tónlistarmaður er frumbyggji í Fossvoginum. Hann hefur búið hátt í fjóra áratugi í Logalandi 28, raðhúsinu sem hann og kona hans Elsa Stefánsdóttir byggðu í upphafi áttunda áratugarins.

„Við byrjuðum á húsinu 1970, þegar lóðum var úthlutað í Fossvoginum. Við héldum að það yrði ódýrara að byggja raðhús en einbýlishús. Það reyndist vera reginmis-skilningur, einfaldlega vegna þess að íslendingar eru svo miklir sérhyggjumenn að hver vildi byggja fyrir sig. Ég sá í anda að við fengjum bara sameiginlegt tilboð í að steypa upp sex hús, sem hefði náttúrulega verið miklu hagkvæmara, en þetta endaði með að hver byggði fyrir sig, sem er náttúrulega alveg glatað. Það var ekkert sameiginlegt nema kannski útidyrhurðirnar.“

Eins og tíðkaðist í þá daga var flutt inn í húsið hálfklár- að. „Það er ekki búið enn, þrjátíu og eitthvað árum síðar. Sumir skáparnir sem áttu að koma voru ekki settir upp og verða það aldrei úr þessu,“ segir Magnús.

Flutningar, brúðkaup og afmæli á sama degi

28. júlí 1972 var örlagadagur í lífi Magnúsar og Elsu. Þann dag varð elzti strákurinn þeirra, Stefán Már, eins árs, fjölskyldan flutti inn í nýja húsið í Logalandinu og Magnús og Elsa gengu í hjónaband í Bústaðakirkju. Séra Ólafur Skúlason gaf þau saman. Hann skírði síðan og fermdi strákana þar til séra Pálmi Matthíasson kom til skjalanna. Þannig átti fjölskyldan samleið með Bústaðakirkju frá fyrsta degi á nýja heimilinu. „Öll prestsþjónusta sem mín fjölskylda hefur þurft á að halda hefur verið sótt upp í Bústaðakirkju.“

Hvernig var hverfisbragurinn í Fossvoginum á þessum tíma? „Þetta var eins og önnur nýbyggð hverfi, dálítið hrátt og lítið gróið. Þetta var náttúrulega úti í sveit. Fyrstu íbúarnir voru hagamýs, sem maður komst í kynni við – við lítinn fögnuð kvenfólksins. En þessi dýr áttu heima þarna á undan okkur og voru í hálfgerðu fári þegar framkvæmdirnar byrjuðu í miðri blómlegri músabyggð. Þá var líka enn nóg af mófugli inni á milli nýbygginganna og talsvert af kartöflugörðum, því að Reykvíkingar höfðu margir kartöflugarð í Fossvogsdalnum.

Smátt og smátt fóru móarnir undir steinsteypu og malbik og hverfið grii jafnframt því upp eftir allt þetta rask.

Núna er trjágróðurinn orðinn yfir þrjátíu ára gamall og mörg stærstu trén í bænum eru hér í Fossvogsdalnum.“

„Húsið er ekki búið enn, þrjátíu og eitthvað árum síðar.“

Samræming rokks og fjölskyldulífs

Fossvogurinn er settlegt og borgaralegt hverfi, en í einu raðhúsinu leynist rokkari. Féll hann inn í hóp ráðsettra fjölskyldufeðra í hverfinu þegar strákarnir þrír voru yngri? Magnús segist hafa reynt að samræma vinnuna og fjölskyldulífið eins og hægt var. „Þegar við fórum út á land að spila reyndi ég oft að taka konuna og strákana með, sameina tónleikaferð og frí. Það tókst oft ágætlega, sérstaklega ef maður var til dæmis að fara til Akureyrar eða Vestmannaeyja, þá kom konan með og einn, tveir eða jafnvel þrír strákar. Svo komu sukktímabil inn á milli þar sem við vorum ekki með fjölskyldurnar með okkur. Það fóru líka nokkur ár í það. En hamingjusamastur er maður þegar maður sinnir sinni fjölskyldu, eins og allir fjölskyldumenn vita.“



Elsa á brúðkaupsdaginn þeirra Magnúsar. Þau giftu sig sama dag og þau fluttu í nýja húsið.



Magnús semur ofursmellinn „Ég er á leiðinni“ á píanóið heima í Logalandi.

64 ára með tvær topp-tíu plötur

Magnús hefur sjaldan notið jafnmikilla vinsælda og nú; ævisaga hans, Reyndu aftur, skráð af Tómasi Hermannssyni, er nýkomin út og 64 ára gamall rokkarinn á nú tvær skífur á topp-tíu listanum yfir vinsælustu plötum. Sú fyrri er Von, plata Mannakoma, sem kom út í maí og hefur verið með mest seldu plötum síðan, hátt í hálf t. Af hverju fellur sú plata svona vel í kramið? „Ég reyni að vera dálítið einlægur í textagerðinni og það virðist hitta í mark. Hrunið kemur aðeins við sögu – ég syng dálítið um þjófana. Það er samt hættulegt að vera með mikla pólitík í textum, því að hún er fljót að úreldast. Fólk þolir mislengi að láta prédika yfir sér. Það er ekki alltaf sniðugt – hvorki fyrir tónlistarmenn né blaðamenn. Það fer manni betur að vera dálítið í hlutlausu girnum, pínulítið fyrir utan þetta.“

Magnús segist ekki hafa tapað persónulega á hruninu; hann hafi aldrei átt það mikinn pening að hann hafi getað

keypt skuldabréf eða hlutabréf. En honum rennur til rifja það siðferði, sem hrunið opinberaði. „Það er skelfilegt hvernig menn óðu uppi með blekkingar og rugl. Ég veit ekki hvort við lærum eitthvað á hruninu. Ég held að fólk hugsi bara um hvort það kemst í Bónust á morgun eða ekki. Það virðist vera hægt að fara svo ótrúlega illa með Íslendinga. Það er kannski þetta gamla þrælseðli í okkur. Við látum fara illa með okkur, án þess að gera eitthvað í málinu. Menn hugsa fyrst og fremst hver um eigin bossa. Íslendingar

eru rosaegir eiginhagsmunaseggir, við erum ekkert von því að hugsa félagslega. Einn fyrir alla og allir fyrir einn; við hugsum ekki þannig, því miður.“

Hina topp-tíu plötuna sína gerir Magnús með miklu

yngrri tónlistarmönnum í hljómsveitinni Buff og þeir flytja í sameiningu mörg vinsælustu lög hans í árunna rás. „Ég raula nokkur lög með þeim en annars sjá þeir alveg um þetta á sinn hátt og með sínu nefi. Þetta eru finnr strákar og allt í lagi að koma með nýjan flöt á þessum gömlu lögum. Það hressir bara upp á tilveruna. Við gömlu mennirnir erum búnir að afgreiða þetta á okkar hátt.“

Stefnt á tónleika í Bústaðakirkju

Magnús og Pálmi Gunnarsson, félagi hans til áratuga í Mannakornum, íhuga nú að halda tónleika í Bústaðakirkju á næstunni. „Við spiluðum í kirkjunni fyrir nokkrum árum með Agnari Má Magnússyni orgelleikara. Það tókst mjög vel, þannig að við gætum vel hugsað okkur að gera þetta aftur. Það er gott að spila í Bústaðakirkju – margar kirkjur eru góðir tónleikastaðir.“

Magnús hefur góðar taugar til sóknarkirkjunnar sinnar, en segist þó ekki kirkjurækinn. „Ég sæki ekki mikið messur. Og er raunar stórlega efins um að ég sé Lútherstrúar. En ég trúi á æðri mátt,“ segir Magnús. Í ævisögunni skjóta trúarleg stef upp kollinum hér og þar, rétt eins og í textum og tónlist Magnúsar.

„Mér þykir vænt um kirkjuna. Einu sinni var þar bókasafn í kjallaranum. Mér þótti enn vænna um hana þá. Nú þarf maður að fara í Sólheimana til að fá bókasafnsþjónustu. Við erum með stjórnumprest, hann séra Pálma. Hann reyndist mér vel þegar ég missti konuna mína fyrir tíu árum. Jarðsöng hana og leit svo til mín nokkrum sinnum eftir útförina þegar ég var í versta sorgarferlinu. Ég kunni mjög vel að meta þann góða stuðning. Kirkjan okkar hefur leikið hlutverk hjá mér í lífi og dauða, eins og hjá svo mörgum.“

„Mér þykir vænt um kirkjuna. Einu sinni var þar bókasafn í kjallaranum. Mér þótti enn vænna um hana þá.“



Máttarstólpar hverfisins voru kirkjan og knattspyrnufélagið

Valgeir Guðjónsson ólst upp í Smábúðahverfinu. Þá var hverfisbragurinn annar, en máttarstólparnir þeir sömu; Bústaðasöfnuður og Víkingur.

„Þarna mætti maður í messu og fór svo á ball í sama sal um kvöldið eins og ekkert væri sjálfsgaðara“

Smábúðahverfið var nýtt, fjölmennt og sérstaklega barnmargt þegar Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður flutti í Hlíðargerðið sjö ára gamall. „Þetta var óskaplega skemmtilegt samfélag og ógurlegur fjöldi af krökkum. Átta til níu bekkir í árgangi og 30 manns í bekk,“ segir Valgeir.

Í Breiðagerðisskóla kynntist Valgeir m.a. Þórði Árnasyni og Gylfa Kristinssyni. Premeningarnir voru í hljómsveitinni Komplex, sem sló í gegn á balli í Réttarholtsskóla, og áttu síðar allir eftir að koma við sögu Stuðmanna um lengri eða skemmri tíma. Þeir félagarnir tóku auðvitað þátt í starfi Æskulýðsfélags Bústaðasóknar, sem séra Ólafur Skúlason kom á fót, innblásinn af nútímahugmyndum um safnaðarstarf eftir dvöl sína í Ameríku, og spiluðu á æskulýðshátíð sem reyndar var haldin vestur í bæ, á Hótel Sögu, vegna skorts á hentugu samkomuhúsnæði í hverfinu.

Messur og böll í Réttó

„Bústaðakirkja kom ekki til sögunnar fyrr en eftir að ég flutti úr hverfinu. Orgeli var trillað inn í samkomusal Réttarholtsskóla og messað þar. Þarna mætti maður í messu og fór svo á ball í sama sal um kvöldið eins og ekkert væri sjálfsgaðara,“ segir Valgeir.

Fjöldi fermingarbarna í Bústaðasókn var þvílíkur á þessum árum að ekki var viðlit að ætla að ferma í salnum í Réttó. Séra Ólafur fékk Háteigskirkju því lánaða undir

fermingarathöfnina þegar Valgeir og félagar hans fermdu. „Þá varð reyndar mikil panikk í kirkjunni þegar séra Ólafur steig óvart í faldinn á hempunni og tók ógurleg dansspor fyrir altarinu. Hann endaði á blábrún efstu kórtröppunnar, sneri baki í söfnuðinn og sveiflaði höndunum í hringi til að verjast falli. Þetta var eins og í kvikmynd eftir Hrafn Gunnlaugsson, ef þú skilur hvað ég meina.“ Séra Ólafur náði jafnvæginu, söfnuðurinn varpaði öndinni léttar og Valgeir fermdist.

Fótgangandi á rúntinum

Smábúðahverfið iðaði af lífi á kvöldin. „Maður fór ævinlega út að labba á kvöldin til að heilsa upp á félagana. Þetta var eiginlega eins og að fara á rúntinn,“ segir Valgeir. „Það mátti líka alltaf treysta því að það væri fólk á gamla Víkingsvellinum við Breiðagerðisskóla. Þetta voru máttarstólpar hverfisins, kirkjan og knattspyrnufélagið.“

Þegar Valgeir flutti í Smábúðahverfið var lítil sem engin byggð neðan Bústaðavegar. „Það var bara dalurinn og fáein hús á stangli. Eitt þeirra átti Marinó Laxdal Stefánsón, kennari okkar í Breiðagerðisskóla. Hann bauð okkur einu sinni heim til sín og okkur fannst að við værum komin út í sveit. Svo byggðist Fossvogshverfið mjög hratt, varð nýtt hryggjarstykki í sókninni og sá Réttarholtsskóla fyrir nýju fallbyssufóðri. Fram að því endaði heimurinn við Bústaðaveg.“



Signý Gunnarsdóttir **Dagmamma í 40 ár**

Það breytist margt á mörgum árum en eitt er það sem ekki breytist og það er að gæta þarf barna vandlega. Gæsluvellir og dagmæður hafa löngum leikið stórt hlutverk þar en leikskólar hafa þó smám saman tekið við hlutverki þeirra eftir því sem framboð þeirra eykst.

Bústaðahverfi var gífurlega barnmargt hverfi lengi vel og í því voru nokkrir gæsluvellir auk fjölda dagmæðra. Ein þeirra er Signý Gunnarsdóttir sem gætt hefur barna í rúma fjóra áratugi. Signý bjó fyrst í Hlíðunum en flutti 1973 í Fossvoginn þar sem hún hefur búið og starfað síðan.

„Ég hef alltaf verið svo heppin,“ segir Signý, „að börnin jafnt og foreldrar þeirra sem hafa verið hjá mér eru yndisleg. Þau hafa verið mér svo sérstaklega góð og allt einhvern veginn svo slétt og fellt við þetta. Ég hef haft óskaplega gaman af þessu starfi og í gegnum tíðina kynnst svo mörgum frábærum manneskjum. Sum hafa haldið tengslum árum saman og sum barnanna „minna“ hafa síðar komið með börnin sín til mín í gæslu.“

Signý segist fyrst hafa verið með börn á öllum aldri, allt frá sex mánaða upp í sex ára en það hafi smátt og smátt breyst í þá veru að nú sé meira um yngri börn sem biði eftir leikskólaplássu. „Ég var oft lengi með hvert barn, nokkur ár en nú eru það meiri skipti,“ segir hún. „Leikskólarnir eru stundum með stuttan fyrirvara og það hefur komið fyrir að barn er aðeins nokkrar vikur hjá mér og fer svo í leikskóla. Þeir eru líka farnir að taka yngri börn en áður og það hefur sín áhrif.“

Gæsluvellir hafa löngum spilað rollu í lífi barna og segist Signý stundum hafa notað gæsluvöll við Grímsbæ. „Þar voru yndislegar konur. Ég var líka með börnin á velli við spennistöðina og svo var einn gæsluvöllur nálægt skólanum.“

Signý segir dagmæðrastarfið hafa gefið sér ómælda gleði í gegnum árin og geri enn. Þetta sé að vísu þolinmæðisstarf en launin í forni ánægðra barna og foreldra mikil.

„Það er alveg sama hvort börnin eru hjá mér stutt eða lengi, þau eru öll börnin mín,“ segir Signý að lokum.



Líflegt barnastarf

Barnastarfið í Bústaðakirkju er mjög líflegt. Yfir vetrartímann eru barnamessur kl. 11 alla sunnudaga og eru þær mjög vel sóttar. Í hverri samveru er mikið sungið, fræðsla, sögur og beðnar bænir. Ungir hljóðfæraleikarar taka virkan þátt, jafnt og barnakórnir. Í barnamessurnar eru allir velkomnir og það kostar ekkert að vera með. Eftir hverja messu fá börnin myndablað sem þau geta sett í möppu sem þau fá í fyrsta sinn sem þau koma. Öllum afmælisbörnum er fagnað sérstaklega og þau fá litla gjöf til að hafa með sér heim.

Mikill áhugi er á að virkja foreldra í barnamessunum og eru ýmsar hugmyndir í vinnslu. Markmiðið er að auka gæði samverustundar barna og foreldra og virkja alla til þátttöku.

Fimm barnakórar

Í barnakórnum eru fimm kórar; englakór, barnakór, stúlkna-kór, kammerkór og bjöllu- og bongósveit. Mikið er um að vera allan veturinn hjá kórnum. Á kóræfingum er kennd raddbeiting og kórlög á hinum ýmsu stigum. Minnst einu sinni í mánuði er sungið í messum, barnamessum og almennum messum. Einnig koma kórnir fram í jólamessum og á jólaböllum. Foreldrafélögin fara í ferðalög og æfingabúðir með kórana. Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu frábæra kórstarfi að hafa samband við Jóhönnu kórstjóra og skrá sig í skemmtilegt starf.


Hjónakvöld

Hjónakvöldin eru fyrir pör sem vilja gera gott samband betra. Þessi kvöld hafa verið vel sótt. Eftir áramótin verður haldið námskeið um neistann í hjónabandinu. Þetta verður fimm kvöld námskeið þar sem unnið verður í því að styrkja og efla sambönd. Skráning verður á námskeiðið og takmarkaður fjöldi para. Fylgist með á heimsíðu kirkjunnar eftir áramótin og gerið gott samband betra. Þetta námskeið verður endurtekið, ef þátttaka verður góð.

Foreldramorgnarnar

Ert þú foreldri? Ef svo er þá eru foreldramorgnarnar í Bústaðakirkju alla fimmtudaga kl. 10–12 í Ólafsstofu. Foreldramorgnarnar eru samverustundir fyrir foreldra og börn þeirra og henta einkum þeim sem eru í fæðingarorlofi eða heimavinnandi. Markmiðið með foreldramorgnum er að efla félagsleg tengsl foreldra og barna þeirra í Bústaðasókn. Stærri félagsnet kemur þér alltaf til góða og er styrkur inn í framtíðina fyrir þig og barn þitt. Boðið er upp á hressingu á mjög vægu verði í vinalegu og eflandi umhverfi kirkjunnar. Allir eru hjartanlega velkomnir. Láttu sjá þig!





Fjölbreytt afþreying fyrir aldraða

Samverustundir aldraðra eru á miðvikudögum kl. 13:00 – 16:30. Þar er boðið upp á aðstoðu til að spila og vinna handavinnu. Kærleikskonurnar sem vinna að þessu góða starfi bjóða upp á kennslu og aðstoð við ýmsa fönðurvinnu og koma með margar góðar hugmyndir. Margir koma með vinnuna sína og njóta þess að vera í samfélagi við annað fólk þessa dagstund. Í tengslum við starfið er boðið upp á bílaþjónustu. Hún felst í því að fólk getur skráð sig hjá kirkjuvörðum að morgni miðvikudags. Þá kemur leigubíll og sækir það heim og kemur því í kirkjuna og svo heim aftur að lokinni samverunni. Þetta er gegn mjög vægu gjaldi.

Eldri borgarar greiða 300 kr. fyrir kaffi og veglegar veitingar sem eru bornar fram um þrjúleytið. Þá sér presturinn um helgistund. Eftir helgistundina, yfir kaffibollanum, er svo boðið upp á einhverja afþreyingu, sem getur verið söngur, kynning, eða fyrirlestur.

Hvað eru messuhópar?

Messuhópar skiptast á að sjá um messur alla sunnudaga kl. 14. Í dag eru fimm messuhópar starfandi. Þeir undirbúa messuna með því að kveikja á kertum, setja upp sálmanúmer, hringja kirkjuklukkum, undirbúa molasopa, taka á móti kirkjugestum og bjóða þá velkomna, afhenda sálmabækur, lesa upphafsþæn, lesa ritningarlestur og almennu kirkjubænina, aðstoða við útdelingu í altarisgöngu og að lokum að ganga frá eftir messu og sjá um molasopann. Hver messuhópur er ábyrgur fyrir sinni messu og að fá afleysingu ef þarf t.d. við sumarfrí o.s.frv.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í messuhópi eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við kirkjuverði eða sóknarprest.





Ragnheiður Eiríksdóttir

Ragnheiður hefur gríðarlegan áhuga á þrjónaskap og fyrir utan þrjónakaffi í Bústaðakirkju fer hún um allt land til að kenna og kynna þrjón. Nýlega stofnaði hún fyrirtækið Knitting Iceland ásamt vinkonu sinni, Héléne Magnússon en fyrsta verk fyrirtækisins er að gefa út DVD disk með þrjónakennslu. Það verður gaman að fylgjast með þeim stöllum í framtíðinni.



DVD diskurinn Þrjónur saman er sá fyrsti sinnar tegundar á íslensku. Á disknum er farið í rúmlega 40 tækniatriði í þrjóni og ýmislegt fleira er látið flakka.



Það var líf og fjör í Bústaðakirkju á þrjónakvöldi í október.

Þrjónað í Bústaðakirkju

Þessa dagana má sjá þrjónandi konur (líka krakka og stöku karl) hvar sem lítið er. Þrjón er sem sagt í tísku – líka í Bústaðakirkju.

„Hann Pálmi prestur er nágrenni minn og í sumar sá ég að hann fylgdist af miklum áhuga með mér þrjóna á svölunum og hengja út band til þerris eftir litun“ segir Ragnheiður Eiríksdóttir þrjónakona með meiru. „Einn daginn spurði hann mig hvernig ætti að halda þrjónakaffi og vildi vita hvort þetta væri eitthvað sem hentaði í kirkjuna. Svo – auðvitað – spurði hann hvort ég væri til í að skipuleggja þrjónakaffi með honum. Það var auðvitað alveg sjálfsagt og við bjuggum til dagskrá fram að jólum.“

Fyrsta þrjónakaffið var haldið í september og komu 120 konur. Það var sem sagt augljóst að þrjónakaffi í kirkjunni var eitthvað sem gekk upp. Svipaður fjöldi kom í október. „Þetta hefur gengið vonum framár enda þrjón í tísku,“ segir Ragnheiður. „Við erum með eitthvað smávegis á dagskránni og meðal þess er happdrætti. Konurnar í kvenfélaginu sjá um veitingarnar sem greiddar eru með frjálsum framlögum gesta. Þrjónakvöld í Bústaðakirkju er komið til að vera.“ Jólþrjónakaffi verður 21. desember, kl. 20.






„Saumastofan Sólin“

Það eru ekki bara þrjú konur út um allt, það eru líka saumandi konur út um allt. „Búningarnir okkar voru orðnir 15 ára gamlir og búið að bæta þá nokkrum sinnum. Ein mamma í hópnum stakk því upp á því að fá foreldra barna- og unglingakóranna saman og sauma nýja búninga á börnin. Foreldrar, ömmur og frænkur mættu eina kvöldstund og saumuðu kórbúninga fyrir aðventukvöldið. Alls voru saumaðir um 80 búningar. Það var því mikið að gera en þetta tókst og við fáum vonandi að sjá börnin í nýjum og fallegum búningum á aðventukvöldinu. Það er mikil eftirvænting hjá öllum, en þetta er dæmi um frábært samstarf foreldra í starfinu hérna“. segir Jóhanna Kórstjóri.





Kristinn Sigmundsson og kór Bústaðakirkju 15. desember kl. 20

Kór Bústaðakirkju heldur sína árlegu og sívinsælu jólatónleika 15. desember kl. 20. Gestasöngvarinn í ár er enginn annar en Kristinn Sigmundsson. Kristinn er einn eftirsóttasti bassasöngvari heims í dag. Hann hefur á undanförunum árum sungið fjölmörg óperuhlutverk við helstu óperuhús álfunnar, svo sem í Amsterdam, Barcelona, Berlín, Flórens, Genf, Hamborg, Köln, Mílanó, New York og París.

Stjórnandi er organisti kirkjunnar, Renata Ivan.



4. febrúar 2010 Söngveisla á nýju ári í Bústaðakirkju

Fimmtudagskvöldið 4. febrúar kl. 20 býður kór Bústaðakirkju til glæsilegrar söngveislu. Einsöngvarar úr hópi kórfélaga syngja þekktar óperuaríur á þessum glæsilegu galatónleikum. Undirleikari kvöldsins verður Renata Ivan.



Stórsöngvari verður kórformaður

Jóhann Friðgeir Valdimarsson stórsöngvari tók við sem formaður kirkjukórsins sl. haust. Með Jóhanni eru í stjórninni Gréta Hergíls Valdimarsdóttir, Nathalía Druzin Halldórsdóttir og Olgeir Helgason. Við bjóðum þau velkomin til starfa!

Samstarf við skólana í hverfinu

Sóknarnefnd Bústaðakirkju ákvað á fundi sínum í október að bjóða skólum og leikskólum í hverfinu aukinn aðgang að kirkjunni. Skólarnir geta t.d. haldið bekkjarkvöld og fleiri samkomur í kirkjunni. Markmiðið er að opna kirkjuna enn frekar fyrir börnin í hverfinu. Kostnaði við leigu á sal verður haldið í lágmarki. Á hefðbundnum opnunartíma þarf ekki að greiða fyrir notkun á sal, en ef nota þarf húsnæðið utan þess tíma skiptist lágmarkskostnaður á milli kirkju og þess skóla í hverfinu sem í hlut á.

Allar nánari upplýsingar veita kirkjuverðir.



Sóknarnefndin ætlar að efla innra starf

Ný sóknarnefnd tók til starfa á árinu. Í henni eru bæði eldri sóknarnefndarmenn með áratuga reynslu af kirkjustarfinu og nýir meðlimir með nýjar og ferskar hugmyndir. Strax í vor var haldinn vinnufundur og farið yfir hvað væri gott í starfinu og hvað mætti betur fara. Aðgerðaráætlun var útbúin og skipað í nýja hópá fyrir veturinn. Einnig var kallað eftir upplýsingum frá öllum hópum sem starfa innan kirkjunnar. Niðurstaða þessarar vinnu er að auka vægi innra starfs, gera það sýnilegra og fjölga þátttakendum í kirkjustarfinu, t.d. með því að virkja íbúa í hverfinu í einstaka verkefnum og virkja foreldra í barnastarfinu. Nefndin ætlar einnig að bæta innri ferli kirkjunnar, endurskoða heimasíðu og auka upplýsingaflæði svo dæmi séu tekin. Sóknarnefndin hefur áhuga á að kirkjan verði eflað sem miðstöð í hverfinu.

Óskum eftir sjálfboðaliðum

- **Bókasafnsfræðingur:** Okkur bráðvantar aðstoð við að koma nótnasafni kirkjunnar í gott horf. Óskum eftir sjálfboðaliðum til að taka þátt í þessu með okkur
- **Heimasíðan:** Sóknarnefnd Bústaðakirkju vinnur í því að endurskoða efni heimasíðunnar. Ef þú hefur áhuga á kirkjustarfinu og heimasíðugerð, þá værum við þakklát að fá þig til liðs við okkur.

Nánari upplýsingar veita kirkjuverðir.



Himinlifandi með tímabærar breytingar

Félagsmiðstöðin Bústaðir endurnýjuð frá grunni

Starfsmenn Bústaða buðu uppá dagskrá tengda útivist þá daga sem framkvæmdirnar drógust og meðal annars var haldið fótboltamót og farið í hellaskoðun

Í sumar réðst sóknarnefnd Bústaðakirkju í það verk að rífa niður upprunalegar klæðningar úr loftum og veggjum félagsmiðstöðvarinnar Bústaða sem leigir aðstöðu í kjallara kirkjunnar. Eldvarnareftirlitið gerir allt aðrar kröfur til slíkrar aðstöðu í dag en það gerði þegar félagsmiðstöðin opnaði árið 1976 og því varð að ráðast í þetta mikla verk nú.

Hafist var handa í byrjun júlí við að rífa. Einhverjum tonnum af timburusli var fleygt og þótti mikill léttir að losna við timbrið. Þegar því var lokið voru leikherbergi og salur klædd með gífsi, skipt um hluta af ljósabúnaði, nýjar hurðar settar upp og flest allt málað.

Stefnt var að því að klára áður en félagsmiðstöðin opnaði aftur í haust en framkvæmdirnar töfðust örlítið enda mikið verk unnið í sumar. Starfsmenn Bústaða lögðu þá höfuðið í bleyti og buðu upp á dagskrá tengdri útivist þá daga sem framkvæmdirnar drógust og meðal annars var haldið fótboltamót og farið í hellaskoðun. Það var hins vegar biðarinnar virði því félagsmiðstöðin býr að flotti aðstöðu í dag sem stenst allar kröfur og starfsfólk og unglingar eru himinlifandi með breytingarnar!



Tónleikar í desember í Bústaðakirkju

1. desember
tónleikar kl. 20

3. desember
kl. 20
Skagfirska söngsveitin
heldur tónleika.

8. desember
kl. 20
Léttisveit Reykjavíkur heldur
tónleika

10. desember
kl. 20. Glæðurnar halda
tónleika

12. desember
kl. 17. Léttisveit Reykjavíkur
heldur tónleika

13. desember
Kór strandamanna halda
tónleika kl. 16:30. Boðið
verður upp á kaffi á eftir.

15. desember
kl. 20. Bústaðakór heldur
tónleika.

Tónleikar með Megasi, Magnúsi Eiríks og Mannakornum eru á döfnni í desember, nánar auglýst síðar. Fylgist með á heimasíðu kirkjunnar, www.kirkja.is

Pökkum eftirtöldum aðilum stuðninginn

Garðs Apótek

Tal



gjafakort - jólakort

golfsidan.is





Helgihald og viðburðir í Bústaðakirkju á aðventu, jólum og áramótum

29. nóvember

1. sunnudagur í aðventu

Vígsludagur Bústaðakirkju

Fjölskyldumessa kl. 11

Karlar í sóknarnefnd bjóða kirkjugestum í vöflukaffi eftir messu.

Aðventuhátíð kl. 20

Fjölbreytt tónlist í flutningi kóra kirkjunnar. Ræðumaður kvöldsins er María Ellingsen leikkona. Ljósín tendruð.

Sunnudagur 6. desember

Barnamessa kl. 11

Lífleg og skemmtileg samvera með léttum söngvum, fræðslu og bæn. Renata Ivan annast tónlistarstjórn.

Guðsþjónusta kl. 14

Sunnudagur 13. desember

Almenn messa verður kl. 11

Barnamessa kl. 14

Börnin bjóða foreldrum, öfum og ömmum í léttu aðventuhressingu í Bókasafnssalnum á neðri hæð kirkjunnar eftir messu.

14. desember

Jólafundur Kvenfélags Bústaðasóknar kl. 19.

16. desember

Jólasamvera eldri borgara kl. 13.30.

Sunnudagur 20. desember

Fjölskyldumessa kl. 11. (ATH. ein messa þennan dag).

Lífleg og skemmtileg samvera með léttum söngvum, fræðslu og bæn. Renata Ivan annast tónlistarstjórn.

Aðfangadagur 24. desember

Aftansöngur kl. 18.

Tónlist í flutningi einsöngvara úr Kirkjukór Bústaðakirkju frá kl. 17:15. Stjórnandi og organisti Renata Ivan Sr. Pálmi Matthíasson. Útsending á netinu á kirkja.is

Jóladagur 25. desember

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Einsöngur Jóhann Friðgeir Valdimarsson. Organisti Renata Ivan. Kór Bústaðakirkju syngur. Sr. Pálmi Matthíasson. Útsending á netinu á kirkja.is.

Annar jóladagur 26. desember

Fjölskyldumessa kl. 14.

Allir barna og unglíngakórar kirkjunnar annast tónlistarflutning. Stjórnandi Jóhanna Þórhallsdóttir. Organisti Renata Ivan Sr. Pálmi Matthíasson Útsending á netinu á kirkja.is

Sunnudagur 27. Desember

Stutt fjölskyldumessa kl. 14

Jólatrésfagnaður barnanna kl. 14:30

Sveinki og félagar koma í heimsókn. Sr. Pálmi Matthíasson

Gamlársdagur 31. desember

Aftansöngur kl. 18.

Trompetleikari Guðmundur Hafsteinsson Einsöngvarar Gréta Hergils Valdimarsdóttir og Jóhann Friðgeir Valdimarsson Organisti Renata Ivan Kór Bústaðakirkju syngur. Prestar sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir og sr. Pálmi Matthíasson Útsending á netinu á kirkja.is

Nýársdagur 1. janúar

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Ræðumaður Agnes Bragadóttir blaðamaður Einsöngur Nathalía Druzín Halldórsdóttir Organisti Renata Ivan Kór Bústaðakirkju syngur. Sr. Pálmi Matthíasson Útsending á netinu á kirkja.is

Sunnudagur 3. janúar

Barnamessa klukkan 11.

Lífleg og skemmtileg samvera með léttum söngvum, fræðslu og bæn. Renata Ivan tónlistarstjórn.

Guðsþjónusta kl. 14.

Organisti Renata Ivan, sem stjórnar félögum úr Kór Bústaðakirkju. Prestur sr. Pálmi Matthíasson.

